

REGLUGERÐ

um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla.

1. gr.

Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna grunnskóla.

Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eftir yfirfærslu grunnskólans skulu nema 0,74% af útsvarsstofni. Við skil á staðgreiðslu útsvars til sveitarfélaga skv. lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, skal jafnframt gera Jöfnunarsjóði skil á hlutdeild sjóðsins í staðgreiðslu. Ríkisbókhald skal sjá um útreikning á tekjum þessum og skiptir innheimtri staðgreiðslu hvers mánaðar milli ríkis, sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs. Tekjur sjóðsins skulu reiknaðar af þeim stofni sem staðgreiðsla hvers mánaðar er greidd af.

Ennfremur skal Ríkisbókhald sjá um útreikning á hlutdeild Jöfnunarsjóðs í útsvari vegna tekna sem skattlagðar eru eftir á við álagningu og ekki hefur verið greidd staðgreiðsla af. Í uppgjöri staðgreiðslu sveitarfélaga við álagningu útsvars skal Ríkisbókhald, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, taka tillit til hlutdeildar Jöfnunarsjóðs og gera sjóðnum skil á henni.

2. gr.

Framlög.

Jöfnunarframlög til reksturs grunnskóla skiptast í almenn framlög, framlög vegna sérkennslu fatlaðra nemenda, vegna veikindaforfalla og barnsburðarleyfa kennara, vegna nýbúafræðslu, vegna Skólalúða að Reykjum, vegna Barnarverndarstofu og önnur framlög. Framlöggin skulu greidd mánaðarlega.

Fyrir hvert fjárhagsár skal Jöfnunarsjóður sveitarfélaga gera áætlanir um jöfnunarframlög skv. 1. mgr. Í desember skal senda sveitarfélögum upplýsingar um áætluð jöfnunarframlög næsta árs og greiðsludreifingu þeirra eftir því sem við verður komið.

3. gr.

Almenn framlög.

Fjármagn til almennra jöfnunarframlaga skal vera jafnhátt tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skv. 1. gr. að frádregnum framlögum skv. 4.-9. gr. reglugerðar þessarar, hlutdeild í rekstrarkostnaði Jöfnunarsjóðs og hlut Sambands íslenskra sveitarfélaga skv. 12. gr. laga nr. 4/1995, með síðari breytingum.

Almenn framlög skulu reiknuð á grundvelli kennslustunda í sveitarfélagi samkvæmt reiknilíkani og vægi sveitarfélaga í útsvarsstofni. Framlöggin skulu greidd til sveitarfélaga að undanskilinni Reykjavíkurborg sem nýtur ekki framlaga samkvæmt þessari grein.

Reiknilíkanið er eftirfarandi:

$$Y = 2,02992 - 25,4726/X^2 + 43,8693/X - 0,000902069X$$

Reiknilíkaninu er ætlað að lýsa sem best hagkvæmni grunnskólanna miðað við fjölda nemenda í viðkomandi skóla. Líta má á niðurstöðu reiknilíkansins fyrir hvern grunnskóla sem útreiknaðan kennslustundafjölda á hvern nemanda vegna almennrar kennslu og afsláttar stjórnenda. Nemendafjöldi hvers grunnskóla er breyta reiknilíkansins, þ.e. stærð sem hefur brýtilegt gildi.

Útreikningi framlaganna skal haga með eftirfarandi hætti:

A.

Nemendafjöldi hvers grunnskóla skal settur inn í reiknilíkanið. Niðurstaðan sýnir útreiknaðan kennslustundafjölda á hvern nemanda í viðkomandi grunnskóla.

Undantekningar frá þessari reglu skulu vera:

1. Breyta reiknilíkansins skal aldrei taka lægra gildi en sem svarar 15 nemendum fyrir hvern grunnskóla.

Á sama hátt skal breytan aldrei taka hærra gildi en sem svarar 550 nemendum fyrir hvern grunnskóla.

Grunnskóli með útibú skal reiknaður sem ein heild. Samanlagður nemendafjöldi aðalskólans og útibúsins skal því notaður við útreikning kennslustundafjölda.

2. Rekstraraðilar grunnskóla með færri en 15 nemendur geta óskað eftir því við ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að tekið sé tillit til aðstæðna þeirra við útreikning framlaganna. Verði nefndin við beiðni rekstraraðila grunnskóla skal finna útreiknaðan kennslustundafjölda á hvern nemanda hjá viðkomandi skóla á grundvelli vinnureglna sem ráðgjafarnefnd setur.

Vegna sérstakra aðstæðna geta rekstraraðilar grunnskóla með útibú sótt um til Jöfnunarsjóðs að aðalskóli og útibúið verði reiknuð hvort í sínu lagi. Verði fallist á það skal finna útreiknaðan kennslustundafjölda á hvern nemanda hjá viðkomandi útibúi á grundvelli vinnureglna sem ráðgjafarnefnd setur.

3. Þar sem fleiri en einn grunnskóli er rekinn í sama sveitarfélagi skal finna útreiknaðan kennslustundafjölda á hvern nemanda samkvæmt reiknilíkaninu fyrir hvern skóla fyrir sig og finna síðan út vegið meðaltal fyrir sveitarfélagið. Það meðaltal skal síðan notað í áframhaldandi útreikningi, sbr. B- og C-lið.

4. Ef í sama sveitarfélagi eru reknir tveir til fjórir grunnskólar með mismunandi skólagerð skal litið á þá grunnskóla sem taka við hver af öðrum sem einn heildstæðan grunnskóla, sbr. dæmi 1 í fylgiskjali 1.

Þar sem reiknilíkanið gefur ávallt niðurstöðu eins og um skóla með 1.-10. bekk væri að ræða skal leiðrétta hana m.t.t. til skólagerðar viðkomandi grunnskóla. Niðurstaða reiknilíkansins skal því margfölduð með stuðli sem þannig er fundinn:

Meðalvikustundir á hvern árgang í viðkomandi grunnskóla deilt með meðalvikustundum í árgangi hjá heildstæðum skólum.

Miða skal við meðalvikustundir samkvæmt ákvæðum grunnskólalaga hverju sinni, sbr. dæmi 2 í fylgiskjali 1.

Ef árgangar í efri bekkjum heildstæðra viðtökuskóla eru verulega stærri en í yngri bekkjum skólans er ráðgjafarnefnd heimilt að reikna stuðul skólagerðar út frá vegnum meðalstundum grunnskólans, sbr. dæmi 3 í fylgiskjali 1.

Þá skal einnig leiðrétta niðurstöðuna vegna mismunandi aldursafsláttar kennara og meðallauna í viðkomandi grunnskólum. Þeir skólar þar sem meðalgrunnlaun eru umfram meðaltal landsins skulu fá leiðréttingu til hækkunar en skólar þar sem meðalgrunnlaunin eru undir meðaltali landsins skulu fá leiðréttingu til lækkunar. Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skal setja nánari vinnureglur um útreikning slíkra leiðréttinga.

B.

1. Finna skal, á grundvelli niðurstaðna í A-lið, útreiknaðan heildarkennslustundafjölda í viðkomandi sveitarfélagi. Byggja skal þann útreikning á fjölda íbúa á grunnskólaaldri er lögheimili hafa í viðkomandi sveitarfélagi samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá Hagstofu Íslands.
2. Athuga skal í hvaða grunnskóla viðkomandi grunnskólaárgangar í sveitarfélagi fara. Fjöldi íbúa sveitarfélags í viðkomandi árgöngum samkvæmt þjóðskrá skulu því næst merktir viðeigandi grunnskóla. Til að finna útreiknaðan heildarkennslustundafjölda í sveitarfélagi skal niðurstaða reiknilíkansins fyrir viðeigandi grunnskóla, sbr. A-lið margfaldaður með fjölda þeirra íbúa er merktir hafa verið þeim grunnskóla.

Ef fleiri en einn grunnskóli er í sveitarfélagi, sbr. 3. tölul. 2. mgr. A-liðar, og ekki er hægt að merkja ákveðna árganga viðeigandi skóla skal heildaríbúafjöldi sveitarfélags á grunnskólaaldri samkvæmt þjóðskrá margfaldaður með veginu meðaltali útreiknaðs kennslustundafjöldi á hvern nemanda allra grunnskóla sveitarfélagsins.

3. Ef árgangur í sveitarfélagi sækir fleiri en einn grunnskóla og í einum þeirra eða fleirum eru nemendur úr öðrum sveitarfélögum skal aflað upplýsinga hjá viðkomandi sveitarfélagi um fjölda slíkra grunnskólanemenda og heiti grunnskóla sem þeir sækja. Nauðsynlegt er að hér sé um hóp nemenda að ræða og að sveitarfélagið hafi ákveðið þetta skipulag vegna hagræðingar eða landfræðilegra aðstæðna. Fjöldi þessara nemenda skal síðan notaður til að finna útreiknaðan heildarkennslustundafjölda í sveitarfélagi fyrir þessa grunnskóla. Þrátt fyrir að upplýsingar um fjölda nemenda komi frá sveitarfélagi skal heildarnemendafjöldinn ávallt vera jafn fjölda íbúa á grunnskólaaldri samkvæmt þjóðskrá. Ef vafi leikur á hvernig útreikningi skuli háttað hjá einstaka sveitarfélagi skal ráðgjafarnefnd Jöfnunarjóds sveitarfélaga skera úr um slíkt.

C.

1. Þegar útreiknaður kennslustundafjöldi liggur fyrir hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig, sbr. A- og B-lið, skal fundið hlutfall útreiknaðs kennslustundafjöldi hvers sveitarfélags af samanlögðum útreiknuðum kennslustundafjöldi landsins.
2. Hlutfall útsvarstofns viðkomandi sveitarfélags af samanlögðum útsvarsstofni alls landsins skal einnig fundið. Útsvarsstofn skal vera álagningarstofn útsvars næstliðins tekjuárs. Heimilt er að nota útsvarsstofn næstliðins tekjuárs sem leiðréttur hefur verið á grundvelli staðgreiðslustofns yfirstandandi árs. Staðgreiðslu- og útsvarsstofn skulu byggjast á upplýsingum embættis ríkisskattstjóra.
3. Hlutfall útsvarsstofns fyrir hvert sveitarfélag skv. 2. tölul. skal margfaldað með ákveðnum hundraðshluta sem skal vera sá sami fyrir öll sveitarfélögin. Hundraðshluti þessi skal fundinn fyrir hvert fjárhagsár þannig:

$$A / (A + B)$$

A = Hækkun útsvarsprósentu sem reiknað er með að renni beint til sveitarfélaga.

B = Heildarframlög samkvæmt grein þessari sem hlutfall af útsvarsstofni.

Heimilt er ráðgjafarnefnd Jöfnunarjóds sveitarfélaga að hækka eða lækka hlutfall þetta um allt að 5% til að útreiknuð jöfnunarþörf verði sem mest í samræmi við raunverulega jöfnunarþörf.

4. Hlutfall hvers sveitarfélags skv. 3. tölul. skal dregið frá hlutfalli skv. 1. tölul. Ef niðurstaðan er jöfn eða minni en 0 gefur það til kynna að sveitarfélagið telst ekki hafa þörf fyrir almennt jöfnunarframlag og fær því ekki framlag samkvæmt þessari grein. Niðurstaða hærrí en 0 gefur til kynna að sveitarfélagið telst hafa þörf fyrir jöfnunarframlag.
5. Til að finna hlut viðkomandi sveitarfélaga í því heildarfrálmagni sem til skiptanna er í almenn jöfnunarframlög samkvæmt grein þessari skal finna hlutfall jákvæðrar niðurstöðu hvers sveitarfélags skv. 4. tölul. af samanlagðri jákvæðri niðurstöðu landsins. Hlutfall þannig fundið fyrir hvert sveitarfélag skal notað til að skipta fjármagni sem til ráðstöfunar er.

4. gr.

Sérkennsla fatlaðra nemenda.

Jöfnunarjóður sveitarfélaga skal greiða framlög til sveitarfélaga vegna fatlaðra nemenda á grunnskólaaldri.

Eftirfarandi tvö skilyrði eru fyrir greiðslu framlaga til viðkomandi sveitarfélaga:

a. Að viðkomandi nemandi eigi lögheimili í sveitarfélaginu og hafi verið greindur fatlaður af Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, barna- og unglingsgeðdeild Landspítalans, Heyrnar- og talmeinstöð Íslands, Sjónstöð Íslands eða öðrum aðila sem Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins viðurkennir.

b. Að fötlunin falli undir viðmiðun Jöfnunarsjóðs er kalli á verulega sérkennsluþörf.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skal setja vinnureglur um viðmiðunarstig fötlunar eftir tegund hennar. Sú tegund fötlunar sem fellur undir viðmiðunarstig verður að kalla á þörf fyrir sérkennslu.

Framlög til sveitarfélaga vegna fatlaðra nemenda skulu vera mishá eftir viðmiðunarstigum. Sama fjárhæðin á hvern nemanda í viðkomandi viðmiðunarstigi skal greidd sveitarfélagi þrátt fyrir að sérkennsluþörf þeirra innbyrðis geti verið mismunandi.

Jöfnunarsjóður skal fyrir hvert fjárhagsár gera áætlun um heildarframlög samkvæmt grein þessari.

Framlög samkvæmt grein þessari skulu veitt á grundvelli umsókna sveitarfélaga vegna fatlaðra nemenda er lögheimili eiga í sveitarfélaginu óháð því hvar nemendurnir fá kennslu. Til að umsókn verði tekin til greina verður greining aðila skv. a-lið 2. mgr. að liggja fyrir.

Við framkvæmd ákvæða greinar þessarar skal ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga leita aðstoðar sérfræðinga eftir því sem við á. Hún skal einnig sjá um að setja nánari vinnureglur varðandi grein þessa ef þurfa þykir.

5. gr.

Framlög vegna veikindaforfalla og barnsburðarleyfa kennara.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal greiða þeim sveitarfélögum framlög þar sem kostnaður vegna veikindaforfalla og barnsburðarleyfa kennara í grunnskólum er verulega hár.

Ef árlegur kostnaður vegna veikindaforfalla og barnsburðarleyfa í sveitarfélagi fer yfir 0,368% af útsvarstofni næstliðsins tekjuárs skal greiða framlag sem nemur 85% af þeim kostnaði sem umfram er.

Framlagið skal greitt í tvennu lagi, 15. janúar og 15. júlí. Raunkostnaður vegna þessara forfalla fram að hálfum mánuði fyrir greiðsludag skal lagður til grundvallar framlaginu ásamt útsvarstofni næstliðsins tekjuárs fyrir sömu mánuði. Heimilt er ráðgjafarnefnd að leiðrétta útsvarstofn ef verulegur munur er á honum milli árshelminga.

Þar sem skólar eru í samrekstri skal kostnaði vegna veikindaforfalla og barnsburðarleyfa skipt niður á viðkomandi sveitarfélög samkvæmt samningi aðildarsveitarfélaganna um kostnaðarskiptingu kennslulauna.

Heimilt er í undantekningartilvikum að fyrirframgreiða framlag samkvæmt þessari grein vegna veikindaforfalla og/eða barnsburðarleyfa kennara.

Um áramót skal skoða kostnað vegna veikindaforfalla og barnsburðarleyfa miðað við allt undangengið ár og bera hann saman við viðmiðun útsvarstofns. Greiðslan 15. janúar skal því vera lokagreiðsla vegna ársins á undan. Ef í ljós kemur að sveitarfélag hafi fengið ofgreidd framlög vegna forfalla ársins á undan skal ofgreiðslan dregin frá öðrum framlögum Jöfnunarsjóðs til sveitarfélagsins á yfirstandandi ári.

6. gr.

Framlög vegna nýbúafraeðslu.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal greiða öðrum sveitarfélögum en Reykjavíkurborg framlög til nýbúafraeðslu á grunnskólastigi þar sem um slíkt er að ræða. Sveitarfélög sem ekki reiknast með jöfnunarframlög skv. 3. gr. fá þó ekki framlög samkvæmt þessari grein.

Fyrir hvert fjárhagsár skal Jöfnunarsjóður gera áætlun um umfang nýbúafraeðslu á landinu utan Reykjavíkurborgar. Áætlunin skal unnin í samstarfi við námsstjóra í nýbúafraeðslu.

Embætti námsstjóra í nýbúafræðslu skal leggja fyrir Jöfnunarsjóð eigi síðar en 1. október ár hvert upplýsingar um þá nýbúa á grunnskólaaldri sem þurfa á sérstakri íslenskukennslu að halda og vitað er að njóta munu fræðslu næsta skólaár. Í upplýsingunum skal koma fram heimasveitarfélag nýbúans og upprunaland.

Á grundvelli þessara upplýsinga skal Jöfnunarsjóður greiða framlag beint til viðkomandi heimasveitarfélags næsta fjárhagsár. Framlagið skal vera 70.000 kr. á hvern nýbúa á ári miðað við einstaklingskennslu. Þar sem mögulegt er að mati námsstjórans að kenna saman fleiri nemendum, lækkar framlagið á hvern nemanda um 7.000 kr. á ári vegna hvers viðbótarnemanda, en verður þó aldrei lægra en 35.000 kr. á hvern nemanda.

Námsstjóri í nýbúafræðslu skal hafa aðsetur í Reykjavík samkvæmt sérstökum samningi milli Reykjavíkurborgar, Jöfnunarsjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Reykjavíkurborg greiðir laun námsstjórans og leggur honum til húsnæði og annan nauðsynlegan búnað en Jöfnunarsjóður greiðir hlutdeild í kostnaði af störfum hans, sbr. áður nefndan samning.

Námsstjóri nýbúafræðslu skal leggja fyrir Jöfnunarsjóð fjárhagsáætlun embættis síns fyrir 1. desember ár hvert. Námsstjórinn skal einnig skila ársreikningi vegna embættisins til Jöfnunarsjóðs, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborgar.

7. gr.

Skólabúðir að Reykjum.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal veita framlag til reksturs skólabúða að Reykjum í Hrútafirði. Framlagið skal ákveðið í sérstökum samningi milli Jöfnunarsjóðs, Sambands íslenskra sveitarfélaga, menntamálaráðuneytisins og viðkomandi rekstraraðila skólabúðanna.

Framlagið skal greitt til rekstraraðila með jöfnum mánaðarlegum greiðslum.

8. gr.

Börn vistuð af Barnaverndarstofu.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal veita Barnaverndarstofu framlag er nemur 4.500.000 kr. árlega vegna almennrar kennslu og sérkennslu þeirra barna sem vistuð eru utan lögheimilissveitarfélags af Barnaverndarstofu og stunda þar grunnskólanám. Fjárhæðin skal endurskoðuð árlega að fenginni reynslu. Jöfnunarsjóður skal ekki veita framlög vegna barna er lögheimili eiga í Reykjavíkurborg eða öðrum sveitarfélögum sem ekki fá jöfnunarframlög skv. 3. gr.

Barnaverndarstofa skal sjá um að greiða grunnskólakostnað vegna barna sem hún vistar. Vegna barna úr Reykjavíkurborg og þeim sveitarfélögum sem ekki fá jöfnunarframlög skv. 3. gr. skulu þau sveitarfélög greiða grunnskólakostnaðinn sjálf.

Jöfnunarsjóður skal sjá um að draga fjárhæð er nemur kennslukostnaði viðkomandi nemenda frá jöfnunarframlögum viðeigandi heimasveitarfélags. Fjárhæð greiðslunnar skal byggjast á kennslumagnsþörf nemendanna samkvæmt upplýsingum Barnaverndarstofu sem Jöfnunarsjóður samþykkir. Ef kennslukostnaður sem hér um ræðir verður verulega íþyngjandi fyrir viðkomandi heimasveitarfélag getur ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga ákveðið hámark þeirrar fjárhæðar sem dregin verður frá framlögum sveitarfélagsins.

Barnaverndarstofu er skylt að láta Jöfnunarsjóði í té upplýsingar um nemendur sem vistaðir hafa verið af Barnaverndarstofu, sem nauðsynlegar eru við framkvæmd ákvæða greinar þessarar.

9. gr.

Önnur framlög.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal taka frá fjármagn er nýtast skal til framlaga vegna ófyrirséðra tilvika við kennslu í grunnskólum. Til að sveitarfélag geti fengið framlag samkvæmt þessari grein verður að vera um tilvik að ræða sem hefur í för með sér kostnað sem er verulega íþyngjandi fyrir viðkomandi sveitarfélag.

Rekstraraðilar grunnskóla skulu sækja um framlög skv. 1. mgr. til Jöfnunarsjóðs og gera grein fyrir umfangi og aðstæðum.

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skal fjalla um hverja umsókn sérstaklega og ákveða hvort og þá hversu hátt framlag eðlilegt sé að veita. Samþykki ráðgjafarnefnd að veita framlag skal það greitt viðkomandi sveitarfélagi/sveitarfélögum.

Í undantekningartilvikum er ráðgjafarnefnd heimilt að veita framlög til annarra en sveitarfélaga fyrir tímabundin verkefni er snerta grunnskóla á landsvísu. Ráðgjafarnefnd setur nánari vinnureglur um úthlutun slíkra framlaga.

10. gr.

Fylgiskjöl.

Með reglugerð þessari birtast tvö fylgiskjöl, fylgiskjal 1 með einstökum viðmiðunar-dæmum og fylgiskjal 2 með úthlutun ríkissjóðs til einstakra sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, og skulu þau teljast hluti reglugerðar þessarar. Fylgiskjal 2 skal notað við úthlutun skv. 1. og 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða I.

11. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. ágúst 1996.

Ákvæði til bráðabirgða.**I.**

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skulu tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga mánuðina ágúst til desember 1996 vera samtals 754,7 millj. kr. er ríkissjóður greiðir með jöfnum mánaðarlegum greiðslum. Ríkissjóður skal inna greiðslurnar af hendi 1. hvers mánaðar.

Tímabilið ágúst 1996 til og með desember 1996 skal ríkissjóður einnig greiða sveitarfélögum um 1.979,3 millj. kr. vegna grunnskólaverkefna sem færast frá ríki til sveitarfélaga. Hvert sveitarfélag skal fá 1,853% af áætluðum útsvarstofni mánaðanna júlí til nóvember 1996, sem ríkissjóður skal greiða viðkomandi sveitarfélögum með jöfnum mánaðarlegum greiðslum frá ágúst til desember 1996, 1. hvers mánaðar. Greiðslur ríkissjóðs til hvers sveitarfélags skulu vera í samræmi við fylgiskjal 2 með reglugerð þessari.

Að auki skal ríkissjóður greiða Jöfnunarsjóði og sveitarfélögum sem hér segir:

- a. 1. janúar 1997 fjárhæð til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er nemur 0,716% af staðgreiðslustofni í desember 1996. Ríkissjóður skal einnig greiða hverju sveitarfélagi fjárhæð 1. janúar 1997 er nemur 1,934% af staðgreiðslustofni þeirra í desember 1996. Liggi staðgreiðslustofn í desember ekki fyrir á ofangreindum greiðsludegi skulu greiðslur miðast við áætlaðan staðgreiðslustofn sveitarfélaga. Leiðrétta skal greiðslurnar þegar upplýsingar um staðgreiðslustofninn liggja fyrir.
- b. Mánuðina ágúst til desember 1997 með jöfnum greiðslum fjárhæð til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er nemur 0,716% af þeim útsvarstofni sem skattlagður er eftir á við álagningu útsvars árið 1997 vegna tekjuársins 1996 og ekki var innheimt staðgreiðsla af. Inna skal greiðslurnar af hendi fyrsta hvers mánaðar.

Ríkissjóður skal einnig greiða hverju sveitarfélagi fjárhæð, fyrsta hvers mánaðar, mánuðina ágúst til desember 1997, er nemur 1,934% af útsvarstofni sem skattlagður er eftir á við álagningu útsvars árið 1997 vegna tekjuársins 1996 og ekki var innheimt staðgreiðsla af.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal hlutdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nema 0,73% af álagningarstofni útsvars tekjuárið 1997.

II.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skal Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiða til rekstraraðila sérskóla og sérdeilda á landsvísu framlög til reksturs þeirra skólaárið 1996-1997.

Um er að ræða eftirtalda sérskóla og sérdeildir:

- Öskjuhlíðarskóli
- Safamýrarskóli
- Dalbrautarskóli
- Hvammshlíðarskóli
- Einholtsskóli
- Vesturhlíðarskóli
- Sérdeild fyrir einhverf börn í Digranesskóla
- Sérdeild fyrir sjónskert börn
- Sérdeild fyrir hreyfihamlaða
- Sérdeildir fyrir einhverf börn í Reykjavík

Framlagið skal miðast við áætlaðan kostnað við rekstur þessara stofnana á grundvelli nemendafjölda og annarra þátta er skipt geta máli um kostnað. Gera skal sérstakan samning milli Sambands íslenskra sveitarfélaga, Jöfnunarsjóðs og viðkomandi rekstraraðila sérskóla/sérdeilda þar sem m.a. komi fram hvaða skóla og sérdeildir er um að ræða, hversu hátt framlagið skuli vera og hvenær það skuli greitt.

III.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skal Jöfnunarsjóður sveitarfélaga eingöngu greiða framlag mánuðina ágúst 1996 til júlí 1997 vegna sérkennslu fatlaðra nemenda á grunnskólaaldri er stunda nám í heimaskóla. Jöfnunarsjóður skal ekki greiða framlag til sveitarfélaga ef viðkomandi fatlaður nemandi stundar nám í sérskóla eða sérdeild, sbr. ákvæði til bráðabirgða II. Reykjavíkurborg nýtur ekki framlaga samkvæmt ákvæði þessu.

IV.

Þrátt fyrir ákvæði 6. gr. skal embætti námsstjóra í nýbúafraeðslu leggja fyrir Jöfnunarsjóð sveitarfélaga eigi síðar en 1. ágúst 1996 upplýsingar um þá nýbúa á grunnskólaaldri, sem þurfa á sérstakri íslenskukennslu að halda og vitað er að munu njóta fraeðslu næsta skólaár. Í upplýsingunum skal koma fram heimasveitarfélag nýbúans og upprunaland.

Á grundvelli þessara upplýsinga skal Jöfnunarsjóður greiða framlag beint til viðkomandi heimasveitarfélags frá ágúst til desember 1996. Framlagið skal vera 70.000 kr. á hvern nýbúa á ári miðað við einstaklingskennslu. Þar sem mögulegt er að mati námsstjórans að kenna saman fleiri nemendum, lækkar framlagið á hvern nemanda um 7.000 kr. á ári vegna hvers viðbótarnemanda, en verður þó aldrei lægra en 35.000 kr. á hvern nemanda.

Námsstjóri nýbúafraeðslu skal fyrir 1. ágúst 1996 senda Jöfnunarsjóði fjárhagsáætlun fyrir embætti sitt fyrir tímabilið ágúst til desember 1996.

Félagsmálaráðuneytinu, 19. júlí 1996.

Páll Pétursson.

Húnbogi Þorsteinsson.

Fylgiskjal 1.**Dæmi 1.***Sýnidæmi I.*

Skóli A, 1.-7. b. Skóli B, 8.-10. b. Skóli C, 1.-7. b.

Nemendur úr skóla A og skóla C fara í skóla B. Litið skal á skóla A, B og C sem einn skóla.

Sýnidæmi II.

Skóli A, 1.-7. b. Skóli B, 1.-10. b. Skóli C, 8.-10. b.

Ef nemendur úr skóla A fara í eldri bekkina í skóla C skal líta á skóla A og C sem einn skóla. Ef nemendur úr skóla A fara í eldri bekkina í skóla B skal líta á alla skólana sem sjálfstæða.

Dæmi 2.*Forsenda:*

Meðalvikustundir m.v. skóla með 1.-10. b. eru: 309/10 = 30,9

Sýnidæmi I.

Grunnskóli með 1.-7. b. ==> Meðalvikustundir 204/7 = 29,14 stundir

Stuðull: 29,14/30,9 = **0,9431**

Sýnidæmi II.

Grunnskóli með 1.-4. b. ==> Meðalvikustundir 138/5 = 27,6 stundir

Stuðull: 27,6/30,9 = **0,8932**

Sýnidæmi III.

Grunnskóli með 8.-10. b. ==> Meðalvikustundir 105/3 = 35,0 stundir

Stuðull: 35,0/30,9 = **1,1327**

Dæmi 3.

Bekkjardæildir	Kennslust. í bekkjard. skv. lögum	Nem.fj.	Kennslust. * nem.fj.
1	27	10	270
2	27	10	270
3	27	10	270
4	27	10	270
5	30	10	300
6	32	10	320
7	34	10	340
8	35	20	700
9	35	30	1050
<u>10</u>	<u>35</u>	<u>40</u>	<u>1400</u>
10	309	160	5190

Vegið meðaltal vikustunda er því: 5190/160 = 32,44

Stuðull vegna þessarar skólagerðar er því: 32,44/30,9 = 1,0498

Fylgiskjal 2.**Skipting beingreiðslna ríkissjóðs milli sveitarfélaga og Jöfnunarsjóðs vegna yfirfærslu grunnskólans.**

		Áætlaður útsvarstofn vegna júlí-nóv. 1996	Samtals bein- greiðslur ríkissjóðs ágúst-desember 1,853% af stofni	Mánaðarleg greiðsla
0000	Reykjavíkurborg	43.008.685.430	797.019.515	159.403.903
1000	Kópavogskaupstaður	7.183.269.586	133.117.439	26.623.488
1100	Seltjarnarneskaupstaður	2.154.374.344	39.923.992	7.984.798
1300	Garðabær	3.646.927.747	67.583.386	13.516.677
1400	Hafnarfjarðarkaupstaður	6.601.674.034	122.339.546	24.467.909
1603	Bessastaðahreppur	457.633.836	8.480.685	1.696.137
1604	Mosfellsbær	1.886.855.253	34.966.436	6.993.287
1605	Kjalarneshreppur	179.796.357	3.331.913	666.383
1606	Kjósarhreppur	40.788.138	755.869	151.174
2000	Reykjanesbær	4.215.295.549	78.116.148	15.623.230
2300	Grindavíkkaupstaður	918.613.894	17.023.380	3.404.676
2503	Sandgerðisbær	513.215.102	9.510.694	1.902.139
2504	Gerðahreppur	397.041.735	7.357.816	1.471.563
2506	Vatnsleysustrandahreppur	248.690.626	4.608.634	921.727
3000	Akraneskaupstaður	2.096.671.047	38.854.657	7.770.931
3501	Hvalfjarðarstrandahreppur	57.380.498	1.063.352	212.670
3502	Skilmannahreppur	50.446.137	934.847	186.969
3503	Innri-Akraneshreppur	47.064.792	872.186	174.437
3504	Leirár- og Melahreppur	40.573.647	751.894	150.379
3505	Andakílshreppur	82.926.274	1.536.756	307.351
3506	Skorradalshreppur	21.463.309	397.749	79.550
3507	Lundarreykjadalshreppur	20.250.487	375.274	75.055
3508	Reykholtsdalshreppur	69.953.091	1.296.342	259.268
3509	Hálsahreppur	21.766.960	403.376	80.675
3601	Hvítársíðahreppur	18.431.179	341.559	68.312
3602	Þverárhliðahreppur	20.043.761	371.443	74.289
3605	Borgarhreppur	42.396.015	785.666	157.133
3607	Álftaneshreppur	22.985.268	425.954	85.191
3609	Borgarbyggð	733.439.407	13.591.802	2.718.360
3701	Kolbeinsstaðahreppur	25.069.573	464.579	92.916
3709	Eyrarsveit	374.198.651	6.934.498	1.386.900
3710	Helgafellssveit	20.217.434	374.661	74.932
3711	Stykkishólmubær	531.522.817	9.849.965	1.969.993
3712	Skógarstrandahreppur	8.714.552	161.495	32.299
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur	31.807.947	589.452	117.890
3714	Snæfellsbær	752.869.008	13.951.863	2.790.373
3809	Saurbæjarhreppur	25.860.199	479.231	95.846
3811	Dalabyggð	219.324.836	4.064.439	812.888
4200	Ísafjarðarbær	2.121.549.984	39.315.704	7.863.141
4100	Bolungarvíkurkaupstaður	459.429.457	8.513.960	1.702.792
4502	Reykhólahreppur	105.805.254	1.960.740	392.148
4604	Tálknafjarðahreppur	126.833.509	2.350.427	470.085
4607	Vesturbyggð	527.523.869	9.775.858	1.955.172
4803	Súðavíkurhreppur	115.456.038	2.139.584	427.917

	Áætlaður útsvarstofn vegna júlí-nóv. 1996	Samtals bein- greiðslur ríkissjóðs ágúst-desember 1,853% af stofni	Mánaðarleg greiðsla	
4901	Árneshreppur	26.806.931	496.775	99.355
4902	Kaldrananeshreppur	56.783.226	1.052.284	210.457
4904	Hólmavíkurhreppur	207.716.483	3.849.318	769.864
4905	Kirkjubólshreppur	15.804.972	292.891	58.578
4908	Bæjarhreppur	38.233.905	708.535	141.707
4909	Broddaneshreppur	28.003.382	518.947	103.789
5000	Siglufjarðarkaupstaður	707.949.005	13.119.424	2.623.885
5100	Sauðárkrókskaupstaður	1.012.308.782	18.759.696	3.751.939
5501	Staðarhreppur V-Hún.	26.716.319	495.096	99.019
5502	Fremri-Torfustaðahreppur	11.736.474	217.496	43.499
5503	Ytri-Torufstaðahreppur	59.008.745	1.093.526	218.705
5504	Hvammstangahreppur	248.360.035	4.602.507	920.501
5505	Kirkjuhvamshreppur	24.216.204	448.765	89.753
5506	Þverárhreppur	19.452.435	360.485	72.097
5507	Þorkelshólshreppur	36.287.700	672.469	134.494
5601	Áshreppur	22.115.913	409.843	81.969
5602	Sveinsstaðahreppur	26.705.777	494.901	98.980
5603	Torfalækjahreppur	35.154.492	651.469	130.294
5604	Blönduósbær	416.791.876	7.723.818	1.544.764
5605	Svínavatnshreppur	31.065.711	575.697	115.139
5606	Bólstaðarhlíðarhreppur	25.607.538	474.549	94.910
5607	Engihlíðarhreppur	22.313.629	413.507	82.701
5608	Vindhælishreppur	10.425.427	193.200	38.640
5609	Höfðahreppur	318.869.144	5.909.154	1.181.831
5610	Skagahreppur	12.661.480	234.637	46.927
5701	Skefilsstaðahreppur	12.359.512	229.041	45.808
5702	Skaróshreppur	33.105.613	613.500	122.700
5703	Staðarhreppur Skag.	31.514.105	584.007	116.801
5704	Seyluhreppur	95.092.692	1.762.219	352.444
5705	Lýtingsstaðahreppur	64.149.268	1.188.788	237.758
5706	Akrahreppur	57.711.405	1.069.484	213.897
5707	Rípurhreppur	18.083.857	335.123	67.025
5708	Viðvíkurhreppur	17.176.219	318.303	63.661
5709	Hólahreppur	42.075.793	779.732	155.946
5710	Hofshreppur	112.892.292	2.092.074	418.415
5715	Fljótahreppur	40.304.758	746.911	149.382
6000	Akureyrarkaupstaður	5.832.633.547	108.087.999	21.617.600
6100	Húsavíkurkaupstaður	1.024.983.597	18.994.580	3.798.916
6200	Ólafsfjarðarkaupstaður	513.889.302	9.523.188	1.904.638
6300	Dalvíkurkaupstaður	609.950.020	11.303.346	2.260.669
6501	Grímseyjarhreppur	48.772.361	903.830	180.766
6502	Svarfaðardalshreppur	64.678.060	1.198.588	239.718
6504	Hríseyjarhreppur	107.641.934	1.994.777	398.955
6505	Árskógshreppur	135.400.890	2.509.194	501.839
6506	Arnameshreppur	69.922.653	1.295.778	259.156
6507	Skriðuhreppur	27.849.003	516.086	103.217
6508	Öxnadalshreppur	11.522.285	213.526	42.705
6509	Glæsibæjarhreppur	77.108.285	1.428.939	285.788
6513	Eyjafjarðarsveit	287.047.064	5.319.440	1.063.888
6601	Svalbarðsstrandarhreppur	120.276.244	2.228.911	445.782
6602	Grýtubakkahreppur	159.081.717	2.948.038	589.608
6604	Hálshreppur	50.633.010	938.310	187.662

	Áætlaður útsvarstofn vegna júlí-nóv. 1996	Samtals bein- greiðslur ríkissjóðs ágúst-desember 1,853% af stofni	Mánaðarleg greiðsla	
6605	Ljósavatnshreppur	54.874.796	1.016.917	203.383
6606	Bárðdælahreppur	36.266.740	672.081	134.416
6607	Skútustaðahreppur	160.700.165	2.978.030	595.606
6608	Reykðælahreppur	97.947.800	1.815.129	363.026
6609	Aðaldælahreppur	92.622.318	1.716.439	343.288
6610	Reykjahreppur	31.773.186	588.808	117.762
6611	Tjörneshreppur	21.774.057	403.508	80.702
6701	Kelduneshreppur	36.382.516	674.226	134.845
6702	Óxarfjarðarhreppur	137.308.892	2.544.553	508.911
6705	Raufarhafnarhreppur	170.092.969	3.152.094	630.419
6706	Svalbarðshreppur	33.383.409	618.648	123.730
6707	Þórshafnarhreppur	197.773.671	3.665.061	733.012
7000	Seyðisfjarðarkaupstaður	348.958.130	6.466.751	1.293.350
7100	Neskaupstaður	729.297.542	13.515.046	2.703.009
7200	Eskifjarðarkaupstaður	444.867.017	8.244.095	1.648.819
7501	Skeggjastaðarhreppur	76.161.597	1.411.396	282.279
7502	Vopnafjarðarhreppur	329.584.769	6.107.731	1.221.546
7503	Hlíðarhreppur	18.640.986	345.447	69.089
7504	Jökuldalshreppur	37.245.927	690.226	138.045
7505	Fljótisdalshreppur	23.088.517	427.867	85.573
7506	Fellahreppur	136.690.255	2.533.088	506.618
7507	Tunguhreppur	23.334.530	432.426	86.485
7508	Hjaltastaðahreppur	13.752.936	254.864	50.973
7509	Borgarfjarðarhreppur	56.270.207	1.042.777	208.555
7601	Skriðdalshreppur	15.917.944	294.985	58.997
7602	Vallahreppur	46.298.396	857.983	171.597
7603	Egilsstaðabær	572.448.949	10.608.392	2.121.678
7604	Eiðahreppur	42.848.542	794.052	158.810
7605	Mjóafjarðarhreppur	8.341.444	154.580	30.916
7609	Reyðarfjarðarhreppur	270.690.291	5.016.323	1.003.265
7610	Fáskrúðsfjarðarhreppur	24.860.107	460.697	92.139
7611	Búðahreppur	317.403.262	5.881.989	1.176.398
7612	Stöðvarhreppur	103.045.866	1.909.604	381.921
7613	Breiðdalshreppur	112.107.837	2.077.537	415.507
7617	Djúpavogshreppur	206.029.021	3.818.046	763.609
7701	Bæjarhreppur	12.289.081	227.736	45.547
7705	Borgarhafnarhreppur	30.574.667	566.597	113.319
7706	Hofshreppur	28.441.863	527.073	105.415
7707	Hornafjarðarbær	877.544.545	16.262.300	3.252.460
8000	Vestmannaeyjabær	2.280.390.736	42.259.276	8.451.855
8100	Selfossbær	1.545.377.245	28.638.304	5.727.661
8508	Mýrdalshreppur	168.545.938	3.123.425	624.685
8509	Skafthreppur	151.462.088	2.806.834	561.367
8601	Austur-Eyjafjallahreppur	42.906.721	795.130	159.026
8602	Vestur-Eyjafjallahreppur	38.122.258	706.466	141.293
8603	Austur-Landeyjarhreppur	34.503.711	639.409	127.882
8604	Vestur-Landeyjarhreppur	36.106.560	669.112	133.822
8605	Fljótshlíðarhreppur	45.254.346	838.635	167.727
8606	Hvolhreppur	279.253.932	5.175.021	1.035.004
8607	Rangárvallahreppur	284.301.675	5.268.563	1.053.713
8610	Ásahreppur	37.693.295	698.517	139.703
8611	Djúpárhreppur	63.775.982	1.181.871	236.374

	Áætlaður útsvarstofn vegna júlí-nóv. 1996	Samtals bein- greiðslur ríkissjóðs ágúst-desember 1,853% af stofni	Mánaðarleg greiðsla	
8612	Holta- og Landsveit	95.380.387	1.767.551	353.510
8701	Gaulverjabæjarhreppur	28.013.445	519.134	103.827
8702	Stokkseyrarhreppur	188.254.913	3.488.664	697.733
8703	Eyrarbakkaahreppur	211.506.275	3.919.549	783.910
8704	Sandvíkurhreppur	30.622.001	567.475	113.495
8706	Hraungerðishreppur	42.729.827	791.852	158.370
8707	Villingaholtshreppur	35.995.723	667.058	133.412
8708	Skeiðahreppur	61.260.357	1.135.252	227.050
8709	Gnúpverjahreppur	84.244.358	1.561.182	312.236
8710	Hrunamannahreppur	152.940.479	2.834.231	566.846
8711	Biskupstungnahreppur	139.091.600	2.577.589	515.518
8712	Laugardalshreppur	72.941.520	1.351.723	270.345
8713	Grímsneshreppur	92.423.099	1.712.747	342.549
8714	Þingvallahreppur	13.350.342	247.403	49.481
8715	Grafningshreppur	15.728.821	291.480	58.296
8716	Hveragerðisbær	557.969.386	10.340.062	2.068.012
8717	Ölfushreppur	645.130.526	11.955.297	2.391.059
		106.804.700.000	1.979.261.384	395.852.277
Til viðbótar:				
	Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	754.738.616	150.947.723	
	Samtals	2.734.000.000	546.800.000	

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 347/1996, um breyting á reglugerð nr. 449/1990,
um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði,
með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 1. gr. reglugerðarinnar:

B. liður 1. gr. reglugerðarinnar fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 42. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 22. júlí 1996.

F. h. r.

Guðrún Ásta Sigurðardóttir.

Hermann Jónasson.